

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1430  
komudagur 11.2.2013

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. febrúar 2013  
Tilvísun: 2013020178VEL/--

Persónuvernd hefur borist ábending þess efnis að í 8. mgr. 12. gr. frumvarps til laga um ökutækjategyggingar (þskj. 548, 439. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013) sé gert ráð fyrir að heimilt verði að birta á ótilgreindri vefsíðu skráningarnúmer og tegundarlýsing ökutækja sem á hvílir s.k. vantryggingargjald.

Af því tilefni vill Persónuvernd benda á að skráningarnúmer ökutækja hefur talist til persónugreinanlegra upplýsinga, þ.e. upplýsinga sem rekja má til tiltekins einstaklings, og falla því undir lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ýmis álitamál geta komið upp í tengslum við birtingu persónuupplýsinga á vefsíðu, sérstaklega þegar um er að ræða vangoldin gjöld, og óskar stofnunin því eftir fresti til að skila inn umsögn vegna frumvarpsins til 15. febrúar næstkomandi.

Virðingarfyllst

  
Vigdís Eva Lindal